

**Ed.**

**238. Nefndarátt**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 3. nóv. 1915. [*Útflutningur hrossa*].

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er samþykkt stefnu frumvarpsins og lítur svo á, að ákvæði nógildandi laga um útflutning hrossa geti, ef þeim er beitt, oft að ástæðulausu valdið hrossaeigendum fjárhagslegu tjóni.

Reynsla síðustu ára hefir sannað þetta, með því að ríkisstjórnin hefir nokkrum sinnum neyðst til að veita undanþágu frá skilyrðum laganna um þetta efni.

Úr þessari misfelli er að mestu leyti bætt með frumvarpinu.

Nefndin leggur því eindregið til, að háttv. deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

**BREYTINGUM:**

1. Á undan frumvarpsgreininni komi: 1. gr.
2. Í staðinn fyrir »1. desember« komi: 15. nóvember.
3. Síðari málslíður greinarinnar »Þó má aldrei leyfa« o. s. frv. falli niður.

4. Á eftir greininni komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi:  
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Alþingi, 27. mars 1923.

Guðm. Ólafsson,  
form. og framsm.

Hjörtur Snorrason.

Sigurður Jónsson.